

Á að minnsta kosti þriggja ára fresti fer fram mat á tilteknum þáttum sem ekki eru innan hinna hefðbundnu matsþátta. Er það komið undir ákvörðun matshóps hverju sinni hvaða þættir eru metnir, og er sú ákvörðun tekin í samráði við annað starfsfólk skólans. Hér væri mögulegt að fara vel ofan í saumana á afmörkuðum þáttum, s.s. kennsluháttum, líðan starfsfólks, verklagi nemenda í tilteknum greinum, stoðtímakerfi skólans, afrakstri nemendajónustu, agamálum eða öðrum þáttum sem mikilvægt þykir að skoða á hverjum tíma. Mælingar sem þessar kunna að fara fram oftast en á þriggja ára fresti þygi þörf á því.